

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. júní 2022

Mál nr. E-1810/2021:

A

(Jón Sigurðsson)

gegn

íslenska ríkinu

(Soffía Jónsdóttir)

Dómur

1. Mál þetta var höfðað 23. mars 2021. Stefnandi er A, [...] í Reykjavík. Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhváli við Lindargötu í Reykjavík. Dómara var úthlutað málinu 10. febrúar 2022 en fram að því hafði hann engin afskipti haft af því. Aðalmeðferð fór fram 25. maí og var málið dómtekið að henni lokinni.
2. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða honum 6.786.512 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af þeirri upphæð frá 23. mars 2021 til greiðsludags. Stefnandi krefst að auki málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst stefndi stórfelldrar lækkunar dómkrafna stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.
3. Stefnandi var ráðinn upplýsingafulltrúi B með starfsstöð á Akureyri frá 1. febrúar 2017. Hann varð fyrir slysi í desember 2019 og átti í framhaldi af því við talsverða vanheilsu að stríða á fyrri hluta ársins 2020. Þann 9. júní barst stefnanda bréf frá yfirmanni sínum hjá stofnuninni þar sem hann var beðinn að skila farsíma sínum og fartölvu til að nýta í fjarveru hans þar sem óvíst væri um endurkomu hans til starfa. Þann 19. nóvember 2020, eftir að stefnandi var kominn aftur til starfa eftir veikindaleyfi, var hann kallaður fyrirvaralaust á fund forstjóra og mannauðsstjóra B. Á fundinum var stefnanda afhent bréf þar sem honum var tilkynnt um verulegar breytingar á verkefnaskipulagi og áherslum tengdum starfi hans. Ástæða breytinganna var sögð vera almenn aðhaldskrafa fyrir rekstur stofnunarinnar og aukin áhersla ríkisstjórnar á stafræna þróun. Með bréfinu fylgdi ný starfslýsing. Í bréfinu var stefnanda boðið að taka þátt í hæfnismati út frá breyttum hæfniskröfum. Í niðurlagi bréfsins kom fram að ef stefnandi kysi að taka ekki þátt í hæfnismatinu fælist í því sú niðurstaða að hann kysi ekki að taka þátt í endurskipulagningarferli og kæmi þá til uppsagnar, sbr. 2. ml. 44. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996

eða gerð samkomulags um starfslok, sbr. 39. gr. c í sömu lögum. Stefnandi samþykkti að taka þátt í hæfnismati með fyrirvara um lögmæti þess og undirgekkst sérstakt hæfnismat í lok nóvember. Fyrri hluta desembermánaðar 2020 áttu stefnandi og forstjóri B í bréfaskiptum um hugsanleg starfslok stefnanda en samkomulag náðist ekki. Þann 15. janúar 2021 barst stefnanda bréf frá stefnda þar sem tilkynnt var að leggja ætti starf hans sem upplýsingafulltrúa niður þann 1. febrúar 2021 og þar með myndi vinnuskylda hans falla niður.

Málatilbúnaður stefnanda

4. Stefnandi telur að stefndi hafi brotið með ólögmætum og saknæmum hætti gegn honum með ákvörðun sinni um að leggja niður starf hans og segja honum upp störfum þar sem engar forsendur hafi verið til þess að lögum. Hann telur að röksemdir að baki ákvörðun stefnda séu haldlausar. Ákvörðun stefnda sé jafnframt ógild að stjórnvöldum og málsmeðferð hans í máli stefnanda verulega ábótavant. Með ákvörðun sinni hafi stefndi bakað stefnanda tjón sem stefndi beri fébótaábyrgð á gagnvart stefnanda, bæði vegna fjártjóns og miska.
5. Stefnandi byggir á því að engin lögmæt ástæða hafi verið til niðurlagningar á starfi því sem hann gegndi og að forsendur að baki niðurlagningunni hafi verið rangar, misvísandi og ógildar. Uppsögn stefnanda hafi verið rökstudd með því að nauðsynlegt væri verið að leggja niður starf hans vegna hagræðingar í rekstri stofnunarinnar og áherslu á framfylgd stefnumörkunar um stafræna þróun. Stefnandi vísar til þess að í 1. mgr. 44. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 komi fram að forstöðumanni stofnunar sé skylt að fylgja málsmeðferð 21. gr. laganna við uppsögn starfsmanna nema ástæður uppsagnar varði ekki atriði sem nefnd eru í 21. gr., svo sem þegar um sé að ræða uppsagnir vegna hagræðingar í rekstri stofnunar. Stefnandi byggir kröfur sínar á því að rökstuðningur stefnda sé ekki efnislega réttur og uppfylli þar af leiðandi ekki þær lagakröfur sem gerðar séu til rökstuðnings stjórnvaldsákvörðunar. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á sambengi milli niðurlagningar á starfi stefnanda og röksemda um hagræðingu í starfsemi stofnunarinnar. Ákvörðun um niðurlagningu á starfi stefnanda geti því ekki átt rætur að rekja til almennrar aðhaldskröfu og hagræðingar í rekstri og ákvörðun stefnda um að leggja niður starf stefnanda sé því ólögmæt. Stefnandi telur að forsendur niðurlagningar á stöðu stefnanda séu haldlausar og hreinn fyrirsláttur. Stefnandi hafi borið því við að ástæður niðurlagningarinnar væru aukin áhersla ríkisstjórnar á stafræna þróun og almenn aðhaldskrafa í rekstri stofnunarinnar. Í rökstuðningi stefnda frá 27. janúar 2021 komi fram að niðurlagning starfs stefnanda sækir stöð í hagræðingu í rekstri og breytt fyrirkomulag verkefna. Stefnandi hafi hins vegar ekki lagt fram fullnægjandi gögn um að hann hafi lagt mat á þann sparnað sem fyrirhugaður var með niðurlagningu á starfi stefnanda eða gögn sem sýnt geti fram á nauðsyn hagræðingar með þessum hætti. Þá hafi stefndi ekki sýnt fram á að raunveruleg hagræðing hafi átt sér stað, hvað þá að metið hafi verið sérstaklega af hálfu stefnda hvort unnt hefði verið að ná hinu meinta hagræðingarmarkmiði með

öðrum hætti en að leggja niður starf stefnanda. Þá byggir stefnandi á því að engar forsendur hafi verið til niðurlagningar starfsins vegna aukinnar áherslu stofnunarinnar á framfylgd stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar um stafræna þróun. Forsendur niðurlagningarinnar standist því ekki og því hafi uppsögn stefnanda verið ólögmat.

6. Stefnandi bendir á að nefndar ástæður stefnda um almenna aðhaldskröfu í rekstri stofnunarinnar standist ekki. Samkvæmt rökstuðningi stefnda frá 27. janúar 2021 hafi verið gerð krafa um aðhald í rekstri B árið 2021 sem hafi numið 27,8 milljónum króna. Í rökstuðningnum sjálfum komi skýrt fram að aðhaldi í launakostnaði sé mætt með því að ráða ekki í eitt og hálf starf sem voru laus árið 2020 og fresta ráðningu í hálf starf til ársins 2022. Að mati stefnanda komi þarna skýrt fram að þegar árið 2020 hafi verið búið að uppfylla meinta kröfu um aðhald í launakostnaði stofnunarinnar árið 2021 og því sé ljóst að engin þörf hafi verið á niðurlagningu starfs stefnanda á grundvelli hagræðingar í rekstri. Rökstuðningur stefnda gangi því ekki upp að þessu leyti. Þá bendir stefnandi á að ef hagræðing í rekstri á að leiða til uppsagnar starfsmanns verði slíkt að vera liður í raunverulegum breytingum á rekstri og í niðurskurði og koma fram með skýrum og ótvíræðum hætti. Stefnda beri skylda til þess, í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti, að leggja fram fullnægjandi gögn sem sýni fram á að nauðsynlegt hafi verið að hagræða á þennan hátt. Stefndi hafi hins vegar ekki sent stefnanda nein gögn sem staðfesti að sú hafi verið raunin. Þá hafi þau gögn sem stefndi hafi lagt fram undir rekstri málsins um mat á hagræðingarkostum takmarkað sönnunargildi og virðist jafnvel vera eftiráskýringar. Því hafi stefndi að mati stefnanda með engu móti sýnt fram á að nauðsynlegt hafi verið að grípa til uppsagnar stefnanda, hvað þá að samhengi sé milli uppsagnarinnar og röksemda hans um hagræðingu. Ríkar kröfur verði að gera til stjórnvalds um að sýna með gögnum fram á að viðhlítandi grunnur hafi verið lagður að hagræðingu í rekstri sem leiði af sér uppsagnir. Stefndi hafi ekki staðist slíka kröfu.
7. Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi ekki sýnt fram á að um hagræðingu eða rekstrar-niðurskurð hafi verið að ræða og að stefnandi hafi verið sá eini sem missti starf sitt í meintu hagræðingarferli. Þannig hafi stefndi ekki leitast við að spara á öðrum sviðum stofnunarinnar með öðrum hætti en þeim að ráða ekki í lausar stöður hjá stofnuninni. Þá hafi stefndi ráðið til sín þrjá nýja starfsmenn í janúarmánuði 2021 og auglýst nýtt starf sérfræðings í stafrænni þróun, fræðslu og miðlun í febrúar 2021. Þetta telur stefnandi sýna enn fremur að stefndi hafi ekki verið í hagræðingarferli eða aðhaldi í rekstri sínum. Af verkefnalýsingu starfs í nefndri auglýsingu sé ljóst að um sé að ræða verkefni sem stefnandi sinnti að miklu leyti þá þegar og hefði í öllu falli getað sinnt áfram með tilliti til reynslu og hæfni stefnanda. Stefnda hafi verið fullljóst að stefnandi byggi yfir nægilegri og yfirgripsmikilli reynslu, menntun og þekkingu í þeim málaflokki og hefði sinnt störfum við stafræna þróun fyrir stofnunina og aðra aðila um langt skeið. Stefnda hafi borið, með hliðsjón af meðalhófsreglu og reglu um að ákvarðanir stjórnvalda verði að byggja á málefnalegum sjónarmiðum, að bjóða stefnanda að taka við því starfi í stað

niðurlagningar á starfinu og uppsagnar samhliða því. Stefnandi telur þetta sýna að stefndi hafi ekki verið að hagræða í rekstri og að ekkert bendi til að niðurlagning á starfi stefnanda hafi verið liður í hagræðingarferli eða rekstrarniðurskurði stofnunarinnar, sérstaklega að því virtu að með framangreindri auglýsingu hafi í raun verið auglýst laust til umsóknar starf það sem stefnandi hafði sinnt. Þannig megi ráða af starfslýsingu stefnanda fyrir og eftir tilkynnta breytingu 19. nóvember 2020 að þær samræmist efnislega verkefnaálysingu og kröfum í starfsauglýsingunni um starf sérfræðings í stafrænni þróun fræðslu og miðlunar. Með auglýsingunni hafi stefndi því staðfest að mati stefnanda að svokölluð niðurlagning starfs stefnanda hafi verið yfirvarp til að losna við hann frá stofnuninni. Stefnandi telur að þar sem stefndi hafi ekki sýnt fram á hagræðingu af uppsögn stefnanda verði að byggja á því að uppsögn stefnanda hafi átt rætur að rekja til háttsemi hans eða frammistöðu. Því hafi stefnda borið að fylgja reglum 21. gr. laga nr. 70/1996 og uppsögn hefði ekki getað komið til.

8. Stefnandi byggir á því að ekkert hald sé í þeim rökstuðningi stefnda fyrir niðurlagningu starfsins að um hafi verið að ræða endurskipulagningu *vegna aukinnar áherslu stofnunarinnar á framfylgd stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í stafrænni þróun*, eins og fram komi í rökstuðningsbréfi stefnda. Stefnandi bendir á að í raun sé lítið meira fjallað um þessa tilteknu ástæðu í rökstuðningsbréfinu, enda standist hún ekki skoðun. Hafa verði í huga að stefnandi gegndi starfi upplýsingafulltrúa. Setja verði því starfsheitið og verkefni starfsins í samband við framangreinda ástæðu fyrir niðurlagningu. Meginverkefni upplýsingafulltrúa felist í miðlun upplýsinga. Í starfi sínu hafi stefnandi í ríkum mæli sinnt stafrænum verkum, enda hafi þau verið liður í hans daglegu störfum. Stefnandi hafi m.a. í starfi sínu hjá stefnda haft umsjón með fésbókarsíðu stofnunarinnar og ritstýrt vefsíðu hennar. Innlegg á hana hafi undir stjórn stefnanda náð um 100.000 lestrum á viku, sem sé verulega mikið á íslenskan mælikvarða. Stefnandi hafi í starfi sínu hjá B sótt sér menntun hvað þetta varðaði á námskeiði um notkun á Facebook. Þá hafi stefnandi umfangsmikla reynslu af fyrri störfum með rafrænum áherslum, m.a. er hann starfaði sem [...]. Stefnda hafi verið fullkomlega ljóst að stefnandi byggi yfir nægilegri og yfirgripsmikilli reynslu, menntun og þekkingu hvað stafræn málefni varðaði á því verkefnasviði sem hann sinnti og að hann hefði sinnt störfum að stafrænni þróun og stafrænum verkefnum fyrir stofnunina og aðra aðila um langt skeið. Þannig hafi stefnandi uppfyllt afar vel hæfniskröfur þær sem gerðar voru í auglýsingu stefnda um starfið sem hann var ráðinn til í öndverðu. Þegar af þeirri ástæðu vísar stefnandi því á bug sem röngu að nauðsynlegt hafi verið að leggja niður starf stefnanda vegna yfirlýstra markmiða stjórnvalda um stafræna þróun.
9. Stefnandi reisir dómkröfur sínar einnig á því að ákvörðun um niðurlagningu starfs fái ekki staðist og þar með rökstuðningur um að skera þurfi niður í verkefnum tengdum miðlun upplýsinga og stafrænum verkefnum, þar sem í desembermánuði 2020 hafi annar maður verið ráðinn til B til að sinna verkefnum sem stefnandi sinnti, þ.e. að annast

miðlun upplýsinga. Þessi ráðning hafi átt sér stað á meðan stefnandi hafi enn verið við störf hjá stofnuninni. Ráðning þessi átt sér enn fremur stað án þess að starfið væri auglýst laust til umsóknar samkvæmt 7. gr. laga nr. 70/1996. Ekki hafi því í raun átt að fækka störfum hjá stofnuninni og niðurlagning starfs stefnanda hafi því raunverulega aldrei farið fram, enda hafi miðlun upplýsinga áfram verið sinnt hjá stefnda af hinum nýráðna starfsmanni. Þá liggi fyrir að eftir starfslok stefnanda hafi verið haldið áfram að halda úti fésbókarsíðu og vefsíðu stefnda, sem stefnandi hafði annast og ritstýrt. Þá vísar stefnandi einnig til þess sem fyrr greinir, að í febrúar 2021, einungis um mánuði eftir tilkynningu um meinta niðurlagningu starfs stefnanda, auglýsti stefndi laust til umsóknar starf sem stefnandi telur að sé sama starf og hann gegndi. Verkefni í auglýstu starfi séu að mati stefnanda svo til þau sömu og stefnandi sinnti í starfi sínu fyrir stefnda.

10. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi ekki stuðlað að rétttri málsmeðferð við niðurlagningu á starfi stefnanda og því sé niðurlagningin þegar af þeirri ástæðu ólögmat. Til þess að stuðla að rétttri málsmeðferð hafi stefnda borið að láta fara fram mat eða greiningu á innviðum stofnunarinnar til þess að fá niðurstöðu um hvort leggja þyrfti niður störf, hvaða störf það væru og hvaða starfsmenn kæmu til með að sæta niðurlagningu á starfi. Þar með hafi þurft að leiða það í ljós með óyggjandi hætti að nauðsynlegt hefði verið að leggja niður starf stefnanda og að ekki hefði verið hægt að finna annað starf fyrir hann innan stofnunarinnar. Engin greining hafi verið gerð á stöðu stefnanda og ekki hafi legið fyrir að nauðsynlegt væri að leggja niður starf hans og segja honum upp störfum. Þá hafi ekki legið fyrir hvort unnt hefði verið að finna honum annað starf innan stofnunarinnar. Þar sem stefndi hafi ekki sýnt fram á að niðurlagning á starfi stefnanda hafi verið raunveruleg eða að hana megi rekja til hagræðingar í rekstri hafi hlotið að koma til greina að færa stefnanda til í starfi fremur en að leggja niður starf hans. Þar sem það var ekki gert hafi stefndi ekki gætt að reglum stjórnarsýslulaga við ákvörðun sína, svo sem rannsóknarreglu og reglu um meðalhóf. Stefnandi telur að hæfnismat það sem stefndi lét vinna fyrir sig í nóvember 2020 hafi ekki verið mat eða greining af þessum toga enda hafi það ekki verið unnið sem mat eða greining á því hvort leggja ætti starf stefnanda niður. Umrætt hæfnismat hafi snúið að meintum breyttum hæfnikröfum samkvæmt nýrri starfslýsingu. Þá byggir stefnandi á því að hæfnismat það sem stefndi lét vinna fyrir sig snúist um allt annað starf en stefnandi gegndi, starf sérfræðings í stafrænni þróun í fræðslu og miðlun. Stefnandi gegndi því starfi ekki og geti matið því enga þýðingu haft til stuðnings niðurlagningu starfs.

11. Stefnandi byggir á því að ákvörðun um niðurlagningu starfs hans sé ólögmat þar sem B hafði þá þegar tilkynnt stefnanda um breytingar á starfi hans og af sömu ástæðum og reynt hafi verið síðar að gera að ástæðum fyrir niðurlagningu starfsins. Þannig verði ráðið af bréfi stefnda 19. nóvember 2020 að verið sé að tilkynna stefnanda um breytingar á starfi hans. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 70/1996 sé starfsmanni skylt að hlíta breytingum á starfi sínu og verksviði frá því er hann tekur við starfi. Stefnandi byggir á því að stefndi

hafi með framangreindu bréfi tilkynnt um breytingu á starfi stefnanda samkvæmt 19. gr. laganna. Í framangreindu tilkynningarbréfi séu ástæður breytinganna á starfinu sagðar almennar kröfur um aðhald í rekstri stofnunar og aukin áhersla ríkisstjórnar á stafræna þróun. Þetta séu nákvæmlega sömu ástæður og tilgreindar hafi verið af stefnda sem grundvöllur ákvörðunar um niðurlagningu starfs stefnanda tæpum tveimur mánuðum síðar. Ekki standist að lögum að stefndi sem stjórnvald tilkynni um breytingar á starfi 19. nóvember 2020 en noti sömu röksemdir til að leggja starfið niður innan við tveimur mánuðum síðar. Þetta telur stefnandi einnig sýna að ákvörðun stefnda um niðurlagningu skorti málefnalegan grundvöll. Stefnandi byggir á því að atvik leiði í ljós að stefndi hafi notað sömu átyllu og nýtt var til breytinga á starfi til niðurlagningar þess, þar sem ljóst hafi orðið í millitíðinni að stefndi næði ekki að ganga frá starfslokasamningi við stefnanda, sbr. lýsingu stefnda sjálfs á atvikum 7. desember 2020 í rökstuðningsbréfi hans. Stefnandi byggir á því að hæfnismat það er stefndi sendi stefnanda í, með undirliggjandi hótun um uppsögn, hafi verið óforsvaranlegt, ólögmaett og með öllu þýðingarlaust enda hafi stefndi þá þegar verið búinn að tilkynna stefnanda um breytingar á starfi stefnanda. Hæfnismat þetta hafi verið gert að undirstöðu fyrir ákvörðun stefnda um niðurlagningu starfs stefnanda. Stefnandi byggir hins vegar á því að hæfnismatið geti í engu orðið grundvöllur að ákvörðun um niðurlagningu, m.a. þar sem matið hafi snúist um starf sem stefnandi gegndi ekki.

12. Stefnandi telur að enginn lögmætur grundvöllur hafi verið fyrir því að boða hann í fyrrnefnt hæfnismat þar sem ekki hafi verið um að ræða samanburðarmat á stefnanda og fleiri starfsmönnum hjá stefnda og ekki verið að meta hæfni stefnanda sem umsækjanda í tiltekið starf. Í hæfnismatinu hafi í raun verið lagt mat á það hvort stefnandi uppfyllti skilyrði til þess að gegna áfram starfi hjá stefnda en án þess að nein lagaheimild væri til að gera starfsmanni að sæta slíkri endurskoðun stofnunar, en slíka heimild sé t.d. ekki að finna í lögum þeim sem gilda um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, sbr. lög nr. 70/1996. Stefnandi bendir á að almennt séð geti einungis komið til hæfnismats af þessum toga ef meta á hvaða einstaklingur sé hæfastur til þess að hljóta ráðningu í starf eða ef ætlunin er að meta hvaða starfsmaður úr hópi nokkurra starfsmanna sem vinna sömu verk eða sinna sömu verkefnum þurfi að þola uppsögn, að því gefnu að fyrir liggi að fækka þurfi starfsmönnum og mat eða greining hafi verið gerð á því hvaða störf þurfi að leggja niður. Ekki hafi verið um að ræða hæfnismat vegna þessara þátta og ekki hafi farið fram neinn samanburður á hæfni stefnanda samanborið við aðra starfsmenn enda hafi stefnandi verið eini starfsmaðurinn sem hafi verið látinn sæta umræddu hæfnismati. Stefnanda hafi heldur ekki verið tilkynnt um að hæfnismatið hefði þann tilgang að meta hvort leggja ætti niður starf hans, svo sem hefði verið nauðsynlegt samkvæmt m.a. reglum stjórnáslulaga og laga nr. 70/1996 og samkvæmt góðum stjórnásluháttum. Hæfnismatið hafi enda alls ekki haft þann tilgang, sem stefnandi bendir á að sé staðfest í upphafi matsskýrslu ráðgjafarfyrirtækisins þar sem stefnandi sé titlaður *umsækjandi*. Sú nafngift verði ekki túlkuð öðruvísi en svo að ráðgjafarfyrirtækið hafi metið stefnanda

sem umsækjanda um starf, starf sem ekki hafi verið auglýst laust til umsóknar, hvað þá að stefnandi hafi sótt um það. Hæfnismat sem þetta verði því ekki túlkað á annan hátt en óforsvaranlegt, ónauðsynlegt og án lagastoðar.

13. Þá vísar stefnandi til þess að hann hafi ekki verið í jafnvægi eða í ástandi til þess að undirgangast hæfnismatið og því megi ljóst vera af þeirri ástæðu einni að matsskýrslan sé ómarktæk. Stefnandi hafi lýst því yfir þegar hæfnismatið fór fram að hann væri undir miklu andlegu álagi, sér liði illa og að hann liti svo á að niðurstöður úr samtalinu gætu ekki orðið marktækar. Stefnandi hafi áður, í ljósi skriflegra hótana stefnda um uppsögn ef stefnandi tæki ekki þátt í hæfnismatinu, borið brigður á lögmæti hæfnismatsins og tilkynnt að hann tæki þátt í matinu með fyrirvara um lögmæti þess. Kveðst stefnandi hafa óttast mjög að stefndi léti verða af hótunum um uppsögn og því ekki þorað annað en að undirgangast hæfnismatið, en þó með umræddum fyrirvara. Þegar stefnandi lýsti líðan sinni í hæfnismatinu hefði matsaðila borið á grundvelli meðalhófs að stöðva matið og fresta framkvæmd þess. Stefnandi hafi farið í veikindaleyfi í kjölfar matsviðtalsins og sé það eitt og sér til vitnis um að hann hafi ekki verið hæfur til matsviðtals á þessum tíma. Matið hafi þegar af þessari ástæðu ekki getað nýst stefnda sem mat á hæfni stefnanda um starf það sem hann sinnti, né um starf sem hann hafði ekki sótt um eða verið boðið að taka, hvað þá sem hæfnismat vegna niðurlagningar á stöðu stefnanda. Því hafi hæfnismatið verið alfarið ómarktækt og ónothæft. Þá telur stefnandi að hæfnismat það sem hann undirgekkst geti ekki hafa verið liður í niðurlagningu á stöðu hans enda hafi það ekki snúist um starf það sem stefnandi gegndi hjá stofnuninni heldur um allt annað starf, starf *sérfræðings í stafrænni þróun í fræðslu og miðlun*. Stefnandi hafi ekki verið umsækjandi um það starf.
14. Stefnandi byggir á því að tilraunir stefnda til þess að losna við hann úr starfi leiði í ljós að ákvörðun um niðurlagningu starfs hans hafi skort lögmæti og málefnalegan grundvöll. Af rökstuðningsbréfi stefnda verði ráðið að stefndi grundvalli ákvörðun um niðurlagninguna á niðurstöðu hæfnismats. Ráðgjafi hafi þó ekki skilað þeirri matsskýrslu fyrr en 18. desember 2020. Í rökstuðningsbréfinu reki stefndi þó þau atvik að hann hafi reynt að gera starfslokasamning við stefnanda 7. desember 2020, en stefnandi hafnað því boði. Á þeim tíma hafi enn verið ellefu dagar þar til matsskýrslan leit dagsins ljós. Stefndi hafi því, miðað við hans eigin framsetningu, engan grundvöll haft til að líta svo á að til niðurlagningar starfs kæmi. Þessar athafnir stefnda telur stefnandi sýna að stefndi hafi þegar í öndverðu verið búinn að móta þá afstöðu sína að til starfsloka stefnanda þyrfti að koma, hvað sem öðru liði. Þessi áform hafi verið ólögmæt, sbr. IX. kafla laga nr. 70/1996. Þá telur stefnandi að nefnd áform stefnda hafi einnig verið staðfest í tölvubréfi D, sviðsstjóra á sviði þjónustu og fjármála, til stefnanda 9. júní 2020 þar sem hún bað hann að skila inn tækjum, fartölvu og farsíma, þar sem óvíst væri um endurkomu hans til starfa. Á þessum tíma hafi stefnandi verið í veikindaleyfi sem á engan hátt hafi gefið til kynna að tvísýnt væri um endurkomu hans til starfa.

15. Stefnandi byggir á því að ákvarðanir stefnda um niðurlagningu og samhliða uppsögn stefnanda úr starfi séu stjórnvaldsákvarðanir í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og því takmarkist vald stefnda skv. lögum nr. 70/1996 við ákvæði stjórnslulaga. Fyrirnefnd ákvörðun hafi sömuleiðis þurft að samrýmast almennum óskráðum reglum stjórnsluréttarins eftir því sem við eigi. Af framangreindu sé ljóst að framferði stefnda sem stjórnvalds í tengslum við ákvörðun hans brjóti gegn ákvæðum stjórnslulaga, óskráðum meginreglum stjórnsluréttar og sé í andstöðu við góða stjórnsluhætti.
16. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt réttmætisreglu stjórnsluréttar verði matskenndar stjórnvaldsákvarðanir að vera byggðar á málefnalegum grundvelli. Stefndi þurfi, í samræmi við meginreglu stjórnsluréttar um að stjórnvaldi beri að byggja ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum, að rökstyðja og sýna fram á nauðsyn til hagræðingar í rekstri og að hagræðing sú hafi þurft að bitna sérstaklega á starfi stefnanda og einnig að nauðsynlegt og réttlætandi hafi verið að leggja niður starf stefnanda vegna hagræðingar. Stefndi hefur að mati stefnanda hvorki sýnt fram á að hagræðingar í rekstri hafi verið þörf né að henni hafi verið náð með því að leggja niður starf stefnanda. Því hafi ákvörðun um niðurlagningu á starfi stefnanda ekki verið byggð á málefnalegum grundvelli og þar með brotið gegn réttmætisreglu stjórnsluréttar. Það að stefndi hafi 23. febrúar 2021 auglýst opinberlega nánast sama starfið og stefnandi gegndi fyrir stefnda sýni ótvírætt að mati stefnanda hversu ómálefnaleg ákvörðun stefnanda um niðurlagningu starfsins var. Starfið hafi ekki raunverulega verið lagt niður.
17. Stefnandi vísar til þess að ekki verði séð að málsmeðferð stefnda standist ákvæði 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um rannsóknarreglu. Stefnandi telur ljóst af atvikum og gögnum málsins að stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu sinni. Stefnda hafi borið að sjá til þess að nægjanlegra upplýsinga væri aflað um allar þær aðstæður og atvik sem þýðingu kynnu að hafa áður en ákveðið var að leggja niður starf stefnanda. Stefndi hafi ekki látið fara fram mat eða greiningu á starfi stefnanda og því hafi ekki legið fyrir að nauðsynlegt væri að leggja niður starf hans og segja honum þar með upp. Stefndi hafi ekki kannað hvort hægt væri að finna aðra stöðu fyrir stefnda innan stofnunarinnar. Þá verði ekki séð að kannað hafi verið hvernig komast hefði mátt hjá uppsögn með annars konar aðhaldsaðgerðum, hafi á annað borð þurft að skera niður kostnað hjá stefnda, B. Þar með hafi stefndi brotið gegn rannsóknarreglu stjórnslulaga.
18. Stefnandi telur að málsmeðferð stefnda hafi brotið í bága við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, en samkvæmt ákvæðinu skuli tryggt að íþyngjandi ákvörðun verði ekki tekin nema því aðeins að markmiði sem að er stefnt verði ekki náð með öðru og vægara móti. Niðurlagning starfs og tilkynning um starfslok á grundvelli þess sé íþyngjandi stjórnvaldsákveðun sem hafi í för með sér mikla röskun á högum þess er

fyrir henni verður. Engin nauðsyn hafi verið til að grípa til svo harkalegra aðgerða að leggja niður starf stefnanda enda hefði hæglega verið hægt að finna aðra stöðu fyrir hann innan stofnunarinnar auk þess sem stefnandi hafi verið vel hæfur til þess að sinna nýju starfi auglýstu hjá stefnda í febrúar 2021. Þrátt fyrir það hafi stefnanda ekki verið boðið að sinna því starfi né neinu öðru starfi hjá stefnda og sé það skýrt brot á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Ákvörðunin hafi haft í för með sér verulega röskun á högum stefnanda, afkomu hans og stöðu að öðru leyti.

19. Þá vísar stefnandi til þess að hann hafi ekki fengið að tjá sig um fyrirhuguð starfslok áður en ákvörðun var tekin um uppsögn hans. Samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga beri að veita aðila andmælarétt um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því. Andmælaréttur ríkisstarfsmanna sé enn fremur tryggður í 21. og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 þar sem segi að áður en starfsmanni sé veitt áminning skuli gefa honum kost á að tala máli sínu ef það er unnt. Þessa skyldu telur stefnandi að stefndi hafi virt að vettugi og af þeim sökum hafi ákvörðun stefnda um starfslok stefnanda brotið í bága við andmælareglu 13. gr. stjórnsýslulaga sem og 21. gr. og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996. Þá hafi stefndi ekki upplýst stefnanda fyrirfram um að sérstakt stjórnsýslumál væri í gangi og að verið væri að undirbúa ákvörðun um að segja honum upp störfum eða leggja niður starf hans. Stefnandi hafi fyrst fengið fregnir af uppsögn sinni með tilkynningu um niðurlagningu á starfi 15. janúar 2021. Þetta telur stefnandi að brjóti í bága við tilkynningarskyldu 14. gr. og upplýsingaskyldu 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
20. Endanleg dómkrafa stefnanda miðast við greiðslu fébóta vegna ólögsmætrar niðurlagningar á starfi stefnanda og samhliða uppsagnar hans. Til takmörkunar á tjóni sínu hafi stefnandi lagt sig fram við að finna sér nýtt starf. Stefnanda hafi ekki tekist að finna starf við hæfi í heimabæ sínum og orðið að flytja búferlum til Reykjavíkur í því skyni. Hann hafi hafið störf á nýjum vinnustað í Reykjavík 1. september 2021. Stefnandi hafi notið greiðslna úr Atvinnuleysisstryggingasjóði í júní, júlí og ágúst 2021. Fjártjónstímabil bótakröfu stefnanda miðist því við 1. maí 2021 til 31. ágúst 2021. Fjárhagslegt atvinnutjón stefnanda nemi alls 2.039.162 krónum. Þá krefst stefnandi bóta vegna kostnaðar af því að þurfa að flytjast búferlum frá Akureyri til Reykjavíkur til að geta fengið nýtt starf við hæfi. Sá kostnaður hafi numið alls 1.747.350 krónum. Auk þess krefst stefnandi miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna. Alls nemur því höfuðstóll dómkröfu stefnanda 6.786.512 krónum og stefnandi krefst dráttarvaxta af kröfufjárhæð frá því að dómsmálið var höfðað, 23. mars 2021, sbr. ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Málatilbúnaður stefnda

21. Stefnandi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og kröfum á honum reistum. Stefnandi telur að lögsmætar forsendur hafi verið fyrir niðurlagningu starfs stefnanda og uppsögn hans, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ástæður fyrir

niðurlagningu starfs stefnanda hafi verið annars vegar krafa til stofnunarinnar um hagræðingu og hins vegar krafa um stafræna þróun í stjórnsýslu sem kallað hafi á ný verkefni og breytta forgangsriðun í störfum hjá stofnuninni. Uppsögnin hafi ekki verið til komin vegna ástæðna sem greindar séu í 21. gr. starfsmannalaga og því hafi ekki verið skylt að veita stefnanda áminningu og andmælarétt áður en til uppsagnar gæti komið, sbr. 1. mgr. 44. gr. sömu laga. Ákvörðun um niðurlagningu starfs og uppsögn hafi verið lögmæt og ekki stofnað til bótaskyldu stefnda. Hún hafi verið ítarlega og réttilega rannsökuð og rökstudd.

22. Stefndi vísar til þess að í bréfi forstjóra stofnunarinnar til stefnanda 19. nóvember 2020 hafi komið fram að til stæði að gera verulegar breytingar á verkefnaskipulagi og áherslum tengdum starfi hans samhliða því að ekki yrði ráðið í eitt og hálf stöðugildi hjá stofnuninni tengd fræðslu og upplýsingamiðlun. Í minnisblöðum sem send hafi verið lögmanni stefnanda 9. desember 2020 hafi verið gerð nánari grein fyrir forsendum endurskipulagningar og hagræðingar. Leita hafi þurft leiða til að uppfylla þær skyldur sem stofnuninni séu faldar samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 90/2002 um B og hafi svigrúm stofnunarinnar til hagræðingar takmarkast af þeim. Sú ráðstöfun B að endurskipuleggja störf hafi falið í sér mikla verkefnahagræðingu og áherslubreytingar og um þær telji stefndi að forstöðumaður eigi mat, sbr. lög nr. 90/2002. Ákveðið hafi verið að skilgreina eitt starf í stað þeirra tveggja og hálf starfs sem endurskipulagningin hafi varðað. Með því að senda stefnanda minnisblöðin hafi stofnunin gert ákvörðunartöku við endurskipulagningu gegnsæja og þannig hafi stefnanda gefist kostur á að senda inn viðbótarupplýsingar með hliðsjón af minnisblöðunum áður en ákvörðun var tekin.
23. Stefndi vísar til þess að B hafi haldið áfram með stafræna þróun og hagræðingu í rekstri frá því að starf upplýsingafulltrúa var lagt niður. Ákveðið hafi verið að samkeyra til reynslu frá 1. mars 2021 til 1. mars 2022 teymi gagna, gæða og upplýsinga með teymi fjármála og rekstrar og sinni því nú einn teymisstjóri samhliða hlutverki gæðastjóra. Stjórnandi teymis gagna, gæða og upplýsinga hafi á sama tíma tekið við hlutverki verkefnisstjóra stafrænna lausna. Stefndi telur að líta verði til þess að eftir 38. gr. starfsmannalaga sé á ábyrgð forstöðumanns að rekstrarútgjöld og afkoma séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt til að uppfylla lagaskyldur stofnunar. Stefndi vísar til þess að í september 2020 hafi B fengið upplýsingar frá [...]ráðuneyti um væntanlegar fjárveitingar árið 2021. Í þeim gögnum hafi verið farið fram á hagræðingu í launakostnaði í almennum rekstri stofnunarinnar að fjárhæð 20 milljónir króna og 7,8 milljónir króna í öðrum gjöldum. Kostnaður við stöðugildi nemi 13,5 milljónum króna samkvæmt endurskoðuðum útreikningi á raunkostnaði stofnunarinnar við hvert stöðugildi frá 1. október 2020. Viðbrögð stofnunarinnar hafi því verið eðlileg í ljósi þessa.

24. Stefndi mótmælir þeim málatilbúnaði stefnanda að stofnunin hafi ekki sýnt fram á að unnt hafi verið að ná fram hagræðingarmarkmiði stofnunarinnar með öðru móti en að leggja niður starf stefnanda. Stefndi vísar til þess að áhersla hafi verið lögð á meðalhóf við mat á þörf fyrir niðurlagningu starfsins, farið í ítarlega greiningu á verkefnum og ferlum, áherslum og tækifærum til hagræðingar. Reynt hafi verið að komast hjá því að grípa til uppsagna vegna hagræðingarinnar með því að leita annarra ráða, en það hafi ekki reynst samrýmast rekstrarþörfum stofnunarinnar út frá fjárhag og verkefnakröfum. Ýmis verkefni sem heyrt höfðu undir starf stefnanda hafi, út frá breyttum faglegum áherslum, verið ákveðið að fela sérfræðingum í fagteymum eða stjórnendum viðkomandi fagsviða, eins og gerð hafi verið grein fyrir í rökstuðningi fyrir uppsögn 27. janúar 2021. Í bréfinu sé gerð grein fyrir því að flest störf hjá B krefjist menntunar á sviði [...] eða stjórnsýslu. Langflestir sérfræðingar stofnunarinnar séu [...]. Möguleikar til breytinga á verkefnum séu mestir í þeim störfum. Einnig sé unnt að fela lögfræðingum verkefni innan flestra teyma stofnunarinnar. Störf við stoðþjónustu séu fá en sérhæfð og starf upplýsingafulltrúa sé eitt af þeim. Einn gæðastjóri starfi hjá stofnuninni, einn sérfræðingur í notendþjónustu, einn sérfræðingur í vinnslu gagnagrunna og einn skjalastjóri. Tímabundið starfi einn gagnagrunnssérfræðingur til viðbótar hjá stofnuninni.
25. Stefndi telur að stefnanda hafi, með tilliti til meðalhófs, gefist kostur á að fá hæfni sína metna út frá hinum nýju kröfum sem fylgdu breyttri verkefnaskipan þannig að hugsanlega mætti breyta starfi stefnanda og ná jafnframt þeim rekstrarlegu og faglegu markmiðum sem að var stefnt. Þetta hafi ekki reynst vera fær leið. Nýjar kröfur séu til komnar vegna nauðsynlegrar stafrænnar þróunar fræðsluhluta stofnunarinnar. Athugaðar hafi verið tilteknar lausnir sem miðað hafi að því að færa námskeið B yfir á stafrænt form. Vegna samkomutakmarkana sökum Covid-19 hafi námskeið verið færð yfir á Teams-fjarfundi tímabundið en ekki sé litið á það fyrirkomulag eitt og sér sem framtíðarfyrirkomulag. Nýr sérfræðingur í miðlægu teymi stofnunarinnar muni hafa það hlutverk að vinna að faglegum kennslulausnum til framtíðar og sinna þróun þeirra. Meðal verkefna sé að þróa leiðir fyrir skráningu og halda utan um nemendagögn, kennslu og próftöku á stafrænu formi. Þá séu gerðar kröfur um tæknilega þróun vefmála, sem ekki hafi verið sérstaklega skilgreindur hluti af starfi stefnanda hjá stofnuninni og því ekki hluti hæfnikrafna þegar stefnandi var ráðinn til starfa en séu hluti hins nýja starfs.
26. Þá hafnar stefndi þeim málatilbúnaði stefnanda að með því að ráða ekki í eitt og hálf starf hafi aðhaldskröfu þegar verið náð. Ljóst hafi verið að leita þyrfti leiða til að sinna áfram forgangsverkefnum sem vörðuðu þau stöðugildi. Niðurskurður í rekstraráætlun fyrir árið 2021 hafi því eðli málsins samkvæmt kallað á uppstokkun á verkefnum eins og gerð hafi verið grein fyrir í minnisblöðum sem send voru stefnanda með svari við kröfu lögmanns stefnanda um afturköllun áforma um breytingar. Tilfærsla verkefna innan stofnunarinnar hafi miðað að því að ná áfram að sinna lögbundnum skyldum

stofnunarinnar þrátt fyrir hagræðingarkröfu. Engar breytingar á lögum eða reglugerðum hafi verið gerðar samhliða niðurskurði. Stofnuninni hafi verið skylt að standa fyrir reglulegum námskeiðum á grundvelli [...], [...].námskeiðum og námskeiðum fyrir [...]. Þá hafnar stefndi einnig þeim málatilbúnaði stefnanda að ekki hafi verið sýnt fram á að um hagræðingu eða rekstrarniðurskurð hafi verið að ræða enda stefnandi sá eini sem hafi orðið fyrir því að missa starf sitt og stofnunin hafi ekki leitast við að spara að öðru leyti en því að ráða ekki í lausar stöður. Vísi stefnandi í þessu sambandi til þess að stofnunin hafi ráðið til sín þrjá nýja starfsmenn í janúar 2021. Stefndi byggir á því að þrátt fyrir almenna hagræðingarkröfu vegna rekstrarársins 2021 hafi fé til [...] verið veitt sérstaklega til stofnunarinnar í fjárlögum. Skýrar áherslur hafi komið fram af hálfu ráðuneytisins um að því fé yrði eingöngu varið til [...]. Ekki hafi því verið unnt að nýta það á móti almennri hagræðingarkröfu. Griðarmiklar skyldur hvíli á stofnuninni í [...] og nákvæmnikrafa í [...] sé mikil. Árlegar ytri úttektir fari fram á [...] stofnunarinnar vegna [...]. Um sé að ræða flóknar upplýsingar sem kalli á verulega sérhæfingu starfsmanna með sérfræðimenntun á sviði [...]. Stefnandi búi að mati stofnunarinnar ekki yfir þeirri hæfni sem þar sé farið fram á og því hafi ekki verið unnt að bjóða honum tilfærslu í umrædd störf.

27. Stefndi vísar til þess að í janúar 2021 hafi verið ráðið í samtals þrjú störf. Nýtt starf sérfræðings í [...] sem var auglýst þann 15. október 2020 og hlutastarf (50–75%) til ellefu mánaða í verkefni við miðlun sérfræðiupplýsinga úr [...], rekstri [...], bæði vegna téðs fjár. Þriðja ráðningin hafi verið tímabundin til eins árs, vegna afleysingar í fæðingarorlofi sérfræðings í [...]. Ráðið hafi verið í öll störfin á grundvelli raunvísindamenntunar. Stefnandi búi að mati stofnunarinnar ekki yfir þeirri hæfni sem þar er farið fram á og því hafi ekki verið unnt að bjóða honum tilfærslu í umrædd störf. Stefndi fullyrðir að uppsögn stefnanda hafi byggst á kröfu um hagræðingu og innleiðingu nýrra verkefna og að hún hafi verið réttilega byggð á þeim grundvelli í samræmi við 1. mgr. 43. gr. starfsmannalaga. Gætt hafi verið meðalhófs, málið rannsakað ítarlega áður en ákvörðun var tekin og byggt á lögmætum sjónarmiðum. Stefndi byggir á því að umrædd niðurlagning og uppsögn stefnanda hafi verið ítarlega rökstudd og að ástæður uppsagnar hafi ekki átt rætur að rekja til atvika sem falla undir 21. gr. starfsmannalaga.

28. Stefndi hafnar þeim málatilbúnaði stefnanda að hann hafi sinnt stafrænum verkefnum í ríkum mæli, meðal annars með vísan til fréttaskrifa á Facebook-síðu stofnunarinnar, tölfræði um lestur fréttar, námskeiðs sem stefnandi sótti og fyrri reynslu af [...]. Sömualeiðis að stofnuninni hafi verið fullkomlega ljóst að hann hefði búið yfir nægilegri og yfirgripsmikilli reynslu, menntun og þekkingu hvað stafræn málefni varðaði. Þetta sé ekki rétt í ljósi þeirrar endurskipulagningar sem stofnunin hafi talið nauðsynlega. Í þessu sambandi bendir stefndi á að markmið endurskipulagningarinnar hafi verið stafræn þróun í fræðslu og miðlun. Hugmyndin hafi verið að þróa stafræna fræðslu og miðlun á annan hátt með vali og innleiðingu á nýjum kerfum til stafrænnar þjónustu á sviði fræðslu og

miðlunar ásamt því að vera sjálfbærari um uppfærslu og tæknilega vinnslu á vefsvæði stofnunarinnar. B hafi verið lengi með Facebook-síðu og vefsvæði. Helstu verkefni upplýsingafulltrúa hafi verið að skrifa fréttir bæði á vef og á Facebook. Ekki hafi falist í starfi hans að þróa nýjar fræðslu- eða miðlunarleiðir eða vinna að tæknilegri þróun. Nýjar stafrænar leiðir hafi hins vegar verið þróaðar á liðnu ári að frumkvæði sérfræðinga í fagteymum stofnunarinnar og beri þar helst að nefna [...] sem sé stafræn miðlun fræðslu á vef stofnunarinnar. Sérfræðingar í teymi [...] hafi haft frumkvæði að verkefninu og notið aðstoðar tölvuþjónustu stofnunarinnar. Sérfræðingar í sama teymi hafi átt frumkvæði að Facebook-síðunni: [...] og Instagram-reikningi með sama heiti. Sérfræðingar í [...]teymum stofnunarinnar hafi á liðnu ári átt frumkvæði að aukinni miðlun um [...] á nýrri Facebook-síðu og nýjum Instagram-reikningi. Sérfræðingar í framangreindum teymum sjái um að miðla efni beint á síðurnar og viðhalda því efni. Sama gildi um undirsíður heimasíðu B. Að undanförunu hafi verið boðið upp á stafræna kynningar- og samráðsfundi með forritinu Teams sem gefið hafi góða raun og sparað tíma. Því sé hins vegar ekki mótmælt að upplýsingafulltrúi hafi skrifað fjölda fréttar sem fengið hafi mikinn lestur. Breytingin sem ákveðin var hafi verið sú að draga úr greinaskrifum og öðrum textaskrifum en efla myndræna framsetningu, fjölga myndböndum, sbr. m.a. [...], og efla gagnvirk stafræn samskipti við almenning og fyrirtæki í hvívetna. Á grundvelli straumlínustjórnunar sem hafi verið þema í innri fræðslu stofnunarinnar síðastliðið ár sé gert ráð fyrir því að hráefni í miðlun komi beint frá fagteymum stofnunarinnar en miðlægt teymi sjái um tæknilega hlið stafrænnar fræðslu- og miðlunar. Stofnunin hafi þannig talið að fagleg- og rekstrarleg rök væru fyrir þeirri breytingu á skipulagi að fræðslu- og kynningarefni yrði framvegis unnið í viðkomandi fagteymum.

29. Stefndi hafnar þeim málátilbúnaði stefnanda að niðurlagning starfs fái ekki staðist og þar með rökstuðningur um að skera þurfi niður í verkefnum tengdum miðlun upplýsinga og stafrænum verkefnum þar sem nafngreindur sérfræðingur hafi verið ráðinn til stofnunarinnar til að sinna verkefnum sem stefnandi sinnti. Fram hafi komið að stefnt sé að því að efla stafræna þróun. Hugsunin sé að ná fram aukinni sjálfvirkni og bjóða upp á sjálfsafgreiðslu í auknum mæli til að stýra betur álagi á starfsmenn stofnunarinnar, en fram hafi komið í vinnu- og menningarkönnunum stofnunarinnar að yfir 60% starfsmanna telji að verkefnaálag sé óhóflega mikið. Nefndur sérfræðingur sinni verkefnum sérfræðings í miðlun sérfræðiupplýsinga úr [...] og [...], rekstri [...]. Þessi verkefni krefjist sérfræðipækkingar á sviði [...] auk raunvísinda eða félagsvísinda. Hann sé ráðinn á grundvelli raunvísindabakgrunns. Starfið sé á sviði [...] og [...] en ekki miðlægt eins og starf upplýsingafulltrúa og starf sérfræðings í stafrænni þróun fræðslu og miðlunar. Þá sé, eins og fyrr sé getið, starfið fjármagnað af sérstakri fjárveitingu til stofnunarinnar til [...].

30. Stefndi hafnar sömuleiðis þeim málatilbúnaði stefnanda að að í febrúar 2021 hafi verið auglýst laust til umsóknar starf sem hafi verið sama starf og stefnandi gegndi. Stefndi bendir á að það starf sem var auglýst er sama starf, með sömu starfslýsingu og stefnandi fékk til skoðunar þann 19. nóvember 2020 og miðaði að því að sameina lykilverkefni tveggja og hálfst stöðugilds í eitt stöðugildi og hafi falið í sér lítinn hluta verkefna sem áður höfðu heyrt undir starf upplýsingafulltrúa. Fyrir liggi að stefnandi uppfyllti ekki hæfniskröfur eins og fyrr sé rakið. Það sé því rangt að ráðinn hafi verið sérfræðingur til að sinna sömu verkefnum og stefnandi gerði enda hæfniskröfur ólíkar. Með auglýsingu um starfið hafi stefnanda gefist kostur á að sækja um það eins og öðrum. Þannig hafi stefnanda gefist á ný kostur á að láta meta hæfni sína og nú í samanburði við aðra þegar nokkuð var liðið frá fyrra mati og hann e.t.v. kominn með nýjar upplýsingar. Hæfniskröfur hafi verið verulega ólíkar þeim sem gerðar voru þegar starf upplýsingafulltrúa var auglýst laust til umsóknar og stefnandi ráðinn í öndverðu.
31. Stefndi vísar til þess að stefnandi heldur því fram að B hafi ekki stuðlað að rétttri málsmeðferð og því sé niðurlagningin ólögmat. Stofnuninni hafi borið að láta fram fara mat eða greiningu á innviðum stofnunarinnar til þess að fá niðurstöðu um það hvort leggja þyrfti niður störf, hvaða störf það væru og hvaða starfsmenn kæmu til með að sæta niðurlagningu á starfi. Þar með hafi þurft að leiða það í ljós með óyggjandi hætti að nauðsynlegt hefði verið að leggja niður starf stefnanda og ekki hefði verið hægt að finna annað starf fyrir hann innan stofnunarinnar. Stefndi bendir á að í minnisblaði um breytta verkefnadreifingu frá 15. nóvember 2020 sé að finna viðeigandi greiningu á kostum við innleiðingu nýrra verkefna á sviði stafrænnar þróunar og hagræðingu í störfum innan stofnunarinnar og áhrifum af því. Að baki liggi yfirferð stjórnenda og vinnugögn sem höfð hafi verið til hliðsjónar við undirbúning rekstraráætlunar, m.a. með yfirliti yfir nokkur störf sem til greina þóttu koma til hagræðingar og breyttrar verkefnadreifingar haustið 2020 eða á næstu árum. Einnig séu þar tilgreind stöðugildi samkvæmt kostnaðarmati frumvarps sem lá þá fyrir Alþingi.
32. Stefndi mótmælir þeirri túlkun sem fram kemur af hálfu stefnanda um að stofnuninni hafi borið að láta fram fara frekara mat eða greiningu en gert var á innviðum stofnunarinnar til að leiða í ljós með óyggjandi hætti að nauðsynlegt hafi verið að leggja niður starf stefnanda. Stefndi byggir á því að stjórnendur stofnunarinnar hafi starfs síns vegna fullnægjandi yfirsýn yfir skyldur stofnunarinnar og þau stöðugildi sem séu nauðsynleg til að uppfylla þær skyldur í samræmi við fjárheimildir hverju sinni. Stjórnendum sé skylt að haga stjórnun með þeim hætti að fjármunir séu sem best nýttir til þess að uppfylla brýnustu skyldur stofnunarinnar á hverjum tíma. Þær skyldur geti þurft að ganga framars hagsmunum einstakra starfsmanna. Yfirstjórn B hafi metið það svo að staða upplýsingafulltrúa væri ekki lengur nauðsynleg. Brýnna væri að verja fjármuninum í stafræna þróun með það að markmiði að sinna áfram brýnustu skyldum stofnunarinnar á sjálfvirkari hátt og hagkvæmari til lengri tíma lítið, eins og gerð sé grein fyrir í áætlun

stofnunarinnar um stafræna þróun. Þetta séu augljóslega lögmæt sjónarmið og málið hafi verið vel undirbúið.

33. Stefndi hafnar þeim málaltilbúnaði stefnanda að tilkynning um verulegar breytingar á verkefnaskipulagi og áherslum tengdum starfi hans og mögulegri niðurlagningu starfs sem hafi verið upphaf að rannsókn máls, andmælaferli og að lokum stjórnvaldsákvörðun um niðurlagningu starfs og uppsögn skv. 43. gr. starfsmannalaga hafi falið í sér ólögmæti. Ekki hafi verið um að ræða tilkynningu um breytingu á starfi eftir 19. gr. starfsmannalaga. Ekki hafi legið fyrir upplýsingar hjá stofnuninni um að stefnandi hefði þá hæfni sem krafist var við samþættingu verkefna sem höfðu heyrt undir ólík stöðugildi í eina starfslýsingu. Það hafi verið mat stofnunarinnar með tilliti til meðalhófs og út frá rannsóknarreglu að rétt væri að gefa stefnanda færi á að gera vel grein fyrir hæfni sinni með tilliti til hinnar nýju starfslýsingar svo að að leggja mætti faglegt og málefnalegt mat á það hvort unnt væri að breyta starfi stefnanda skv. 19. gr. starfsmannalaga en ná engu að síður þeim rekstrarlegu markmiðum og kröfum sem þyrfti. Um samfelld málsmeðferðarferli hafi verið að ræða, þar sem ítarlega hafi verið kannað hvort forsendur væru fyrir því að breyta starfi stefnanda. Að þeirri könnun lokinni hafi það ekki reynst vera unnt. Því hafi ekki verið unnt að beita vægara úrræði en uppsögn til að breyta starfi stefnanda til samræmis við hina nýju starfslýsingu. Ferlið hafi verið faglegt, byggt á málefnalegum forsendum, meðalhófs verið gætt, rannsókn verið ítarleg og stefnanda gefið færi á að koma með upplýsingar og andmæli. Stefnandi hafi notið liðsinnis lögfræðings stéttarfélags síns í ferlinu. Honum hafi strax í upphafi ferlis verið boðið að hafa allan þann sveigjanleika sem hann teldi sig þurfa varðandi vinnutíma, viðveru og verkefnaskil meðan á ferlinu stæði og að ekki yrðu gerðar kröfur til hans hvað það varðaði. Vegna veikinda stefnanda hafi ferlinu verið frestað og stefnanda greidd laun umfram veikindarétt á tímabilinu frá því að hann skilaði vottorði vegna veikinda og þar til uppsagnarfrestur tók við en veikindaréttur stefnanda hafi aðeins verið 50% frá 30. nóvember og til starfsloka. Málsástæður stefnanda sem reistar séu á 19. gr. starfsmannalaga séu á misskilningi byggðar og haldi ekki. Þá er því mótmælt að um átyllur hafi verið að ræða í tengslum við fullyrðingar stefnanda um starfslokasamning.

34. Þá vísar stefndi til þess að hæfnismat það sem stefnandi gekkst undir hafi verið þýðingarmikið og að fullu marktækt, unnið þannig að stefnandi hafi fengið að gera grein fyrir hæfni sinni hvað varðaði einstakar hæfniskröfur nýrrar starfslýsingar. Hann hafi fengið senda fundargerð úr því samtali sem honum hafi boðist að gera athugasemdir við eða koma með viðbótarupplýsingar um hæfni sem ekki hefði verið gerð grein fyrir í samtalinu og skráð í fundargerð. Jafnframt hafi stefnandi á ný fengið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og upplýsingum varðandi niðurstöðu matsins með pósti. Því er alfarið mótmælt að stofnuninni hafi borið að fresta mati umfram það sem gert var m.t.t. veikinda stefnanda, en sú krafa hafi aldrei komið fram af hálfu stefnanda í ferlinu öllu. Stofnuninni hafi verið heimilt að gefa stefnanda kost á að taka þátt í og tjá sig um

fyrirhugaðar breytingar, m.a. með hæfnismati, eins og fram hafi komið í bréfi til hans 19. nóvember 2020. Óljóst sé hvað stefnandi eigi við með því að honum hafi ekki verið tilkynnt um tilgang hæfnismatsins. Þá er því mótmælt að nefnt bréf hafi falið í sér hótun eða að það hafi verið andstætt ákvæðum starfsmannalaga eða stjórnsýslulaga. Það hafi verið liður í rannsókn máls sem til skoðunar var, könnun á leiðum í ljósi meðalhófsreglu og með því ásamt öðru í ferlinu hafi stefnanda gefist tækifæri til andmæla umfram lagaskyldu. Orðavalið *umsækjandi* í skýrslu ráðgjafa hafi enga þá þýðingu sem stefnandi kjósi að gefa því. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að hann hafi verið svo á sig kominn að hann gæti ekki gengið undir hæfnismat. Hæfnismatið hafi verið hlutlaust og tekið til atriða sem stefnandi hafi gefið ítarlegar upplýsingar um fyrir sitt leyti og hann hafi ekki óskað eftir frestun á því í viðtölum við ráðgjafarfyrirtækið. Af skýrslunni verði ráðið að engin merki þess að hann hafi ekki getað komið öllum upplýsingum og svörum við spurningum á framfæri hafi komið fram. Þá er málsástæðum stefnanda um að hann hafi verið grunlaus um feril málsins eða einstaka þætti þess og framvindu mótmælt. Þá er því mótmælt að í öndverðu hafi verið búið að móta afstöðu til starfsloka stefnanda.

35. Stefndi vísar til þess að stefnandi haldi því fram að B hafi staðfest með tölvubréfi 9. júní 2020 að hafa þá þegar haft áform um að losa sig við stefnanda sem starfsmann. Stefndi vísar þessari fullyrðingu alfarið á bug. Í tölvubréfi því sem stefnandi vísi til sé óskað eftir að hann skili inn fartölvu og farsíma þar sem óvíst sé um endurkomu hans til starfa. Það sé viðtekið verklag hjá stofnuninni að starfsmenn í fæðingarorlofi eða langtíma veikindaförföllum skili inn fartölvu og farsíma til að hægt sé að nýta tækin í starfseminni á meðan. Slík tæki séu vinnutæki í eigu ríkisins og B leggi áherslu á að þau séu ávallt vel nýtt. Á þessum tíma hafi stefnandi verið með gilt veikindavottorð þar sem fram hafi komið að óvissa væri með endurkomu. Þannig hafi í stað dagsetningar í reitnum endurkoma staðið *óvíst*. Fyrir dyrum hafi staðið ráðning tólf sumarstarfsmanna í tengslum við átak Vinnumálastofnunar og lögð hafi verið áhersla á að kalla inn öll ónotuð tæki og tól til að lágmarka innkaup vegna þeirra. Á fundi með stefnanda 9. júní 2020 hafi skýrt verið tekið fram að orðalag í umræddum tölvupósti hefði einungis verið tilvísun í gildandi veikindavottorð. Það hafi verið áréttað með tölvupósti í kjölfarið. Tölvupóstur stefnanda frá 18. júní 2020, þar sem hann skilaði inn nýju veikindavottorði, staðfesti skilning hans á því að um tilvísun í orðalag fyrra veikindavottorðs hafi verið að ræða. Þar segi: *Hér er vottorð, útgefið að lokinni rannsókn í dag. Ég sný aftur úr veikindaleyfi 20. júlí nk í 100 prósentu vinnu. Er þá óvissa um slíkt úr sögunni..* Þá hafi því ekki verið fylgt eftir að stefnandi skilaði inn farsíma. Fram hafi komið hjá stefnanda að hann hefði verulegt óhagræði af því að skila inn símtækinu. Ekki hafi verið talin sama þörf á að nýta það tæki og tölvuna.

36. Þá mótmæli stefndi því að stofnunin hafi ekki virt réttmætisreglu stjórnsýsluréttar. Stefndi vísar til ítarlegrar umfjöllunar sinnar um fjárhagslegar forsendur fyrir niðurlagningu starfs upplýsingafulltrúa samhliða áherslubreytingum. Ekki verði séð hvernig

endurskipulagning verði rökstudd með málefnalegri hætti en þar er gert. Forstöðumenn stofnana verði að hafa svigrúm til að meta hvers konar endurskipulagningaraðgerðir skili mestum árangri til lengri tíma fyrir viðkomandi stofnun. Því sé mótmælt að stofnunin hafi auglýst sama starfið og stefnandi gegndi. Um sé að ræða nýtt starf byggt á sömu starfslýsingu og hæfnismat í aðdraganda niðurlagningar starfsins byggðist á. Stefnanda hafi verið gefið forskot á aðra umsækjendur til að leggja fram gögn og upplýsingar um að hann teldist hæfur til að gegna starfinu. Hvað varði skörun við fyrra starf verði einnig að benda á að stefnandi hafi haft skýrt tækifæri umfram aðra umsækjendur þar sem hann gegndi starfi hjá stofnuninni. Hvað varði þekkingu á hlutverki stofnunarinnar, stefnu og áherslum hafi hann einnig haft umtalsvert tækifæri umfram aðra til undirbúnings og öflunar gagna. Sem fyrr segi hafi hann ekki uppfyllt hæfniskröfur.

37. Eins mótmæli stefndi því að stofnunin hafi ekki virt rannsóknarreglu stjórnáslulaga. Stefndi telji einsýnt að rannsóknarregla stjórnáslulaga hafi verið virt og málið nægjanlega upplýst svo taka mætti ákvörðun að undangenginni greiningu á starfsemi stofnunarinnar og áhættumati af því að leggja niður starfið. Þá telur stefndi að meðalhófs hafi verið gætt. Í rökstuðningi vegna ákvörðunar um niðurlagningu starfsins sé rakið að flest störf hjá B krefjist menntunar á sviði [...] eða stjórnáslu og séu langflestir sérfræðingar stofnunarinnar [...]. Möguleikar til breytinga á verkefnum séu mestir í þeim störfum. Fram komi að störf við stoðþjónustu séu fá en sérhæfð og starf upplýsingafulltrúa hafi verið eitt af þeim. Með þessu telur stefndi sýnt á að valkostir við endurskipulagningu starfsins hafi ekki verið aðrir en þeir að leggja niður starfið eða láta fram fara hæfnismat og meta í kjölfarið hvort til niðurlagningar kæmi. Stefndi telur að við mat á því hvort meðalhófsreglu hafi verið gætt þurfi að líta til þess með hvaða hætti unnt hafi verið að ná því markmiði sem að var stefnt. Markmið endurskipulagningarinnar hafi verið að ná fram hagræðingu og breyttum áherslum. Ekki sé í málalíbúnaði stefnanda eða öðrum sjónarmiðum, gögnum eða upplýsingum sem fram hafi komið gerð grein fyrir því hvernig unnt hefði verið að ná því markmiði með öðru móti en gert var. Með vísun til þessa hafnar stefndi því að meðalhófs hafi ekki verið gætt.

38. Stefndi telur rangt farið með að stefnanda hafi ekki gefist kostur á að tjá sig um fyrirhuguð starfslok áður en ákvörðun var tekin um niðurlagningu starfsins. Þegar með bréfi 19. nóvember 2020 hafi verið vísað til ákvæðis starfsmannalaga um niðurlagningu starfs. Fram hafi komið í bréfi til stefnanda að breytingarnar væru áformaðar samhliða því að ekki yrði endurráðið í eina og hálfu stöðu hjá stofnuninni. Hafi því verið ljóst að fækkun stöðugilda væri að eiga sér stað. Ákvæðið geri ekki ráð fyrir andmælarétti en engu að síður hafi hann verið veittur með hæfnismati og tækifærum til athugasemda, spurninga og samtals. Stefndi telur að bréfið hafi verið mjög skýrt um það að niðurlagning starfsins væri til skoðunar. Með þátttöku í hæfnismati hafi stefnanda gefist kostur á að koma að gögnum og sjónarmiðum til að hafa áhrif á ákvörðunina. Ráðgjafarfyrirtækið C, sem séð hafi um framkvæmd matsins, hafi upplýst stofnunina um

að stefnandi hefði fengið senda fundargerð vegna matsins 3. desember 2020. Einnig hafi stefnanda verið gefinn kostur á að koma að frekari upplýsingum eða gögnum. Engin slík gögn eða upplýsingar hafi borist. Þegar hæfnismatið hafi verið sent stefnanda hafi honum á ný gefist kostur á að koma að frekari upplýsingum og gögnum. Engin slík gögn eða upplýsingar hafi borist. Mannauðsstjóri hafi sent stefnanda tölvuskeyti 25. nóvember 2020 þar sem honum hafi verið bent á að hann gæti leitað til hennar eða forstjóra um frekari upplýsingar. Með tölvuskeyti 26. nóvember hafi lögmanni stefnanda og [...] verið veittar skýringar á áformum B, í tilefni erindis til stofnunarinnar, þar sem skýrt komi fram að ákvörðun liggi ekki fyrir um niðurlagningu en hún sé möguleg. Sérstaklega hafi verið boðið að veita frekari upplýsingar. Tölvupóstsamskipti hafi einnig átt sér stað milli forstjóra og mannauðsstjóra B og lögmannsins um hæfnismat, veikindarétt o.fl. og einnig nokkur samtöl þar sem upplýsingar hafi verið veittar eins og óskað hafi verið eftir. Í samræmi við ósk lögmannsins sem komið hafi fram í tölvupósti 21. desember hafi verið ákveðið að fresta frekari úrvinnslu málsins fram yfir áramótin 2020/2021. Ákvörðun um niðurlagningu starfsins hafi ekki verið tilkynnt fyrr en 15. janúar 2021 og miðað við gildistöku þann 1. febrúar 2021. Með vísan til alls þessa mótmæli stefndi því að brotið hafi verið gegn andmælarétti stefnanda. Hann hafi verið veittur umfram skyldu.

39. Stefndi hafnar þeim málalíbúnaði stefnanda að brotið hafi verið gegn tilkynningarskyldu og upplýsingarétti. Rangt sé sem stefnandi haldi fram að fyrst þann 15. janúar 2020 hafi stefnanda verið tilkynnt um að sérstakt stjórnarsýslumál væri í gangi. Tæpum tveimur mánuðum áður, 19. nóvember 2020, hafi stefnandi fengið afhent bréf þar sem vísað hafi verið til þess að til skoðunar væri að leggja starf hans niður. Ekki verði séð hvernig unnt hefði verið að tilkynna stefnanda um eðli málsins með skýrari hætti. Fáum dögum síðar, 26. nóvember 2020, hafi lögmaður [...] haft samband við B og sent erindi þar sem farið hafi verið fram á afturköllun erindis stofnunarinnar. Hafi stofnuninni því verið ljóst að stefnandi hefði fengið löglærðan ráðgjafa og honum væri þannig ljóst hvert eðli stjórnarsýslumálsins væri. Lögmanni stefnanda hafi þegar í stað verið veittar nánari skýringar á málinu og boðið að koma á framfæri frekari athugasemdum eða spurningum. Erindi lögmannsins hafi svo verið svarað skriflega skömmu síðar.
40. Þá vísar stefndi því á bug að lögmatísregla hafi verið brotin. Vísar hann til ítarlegrar umfjöllunar sinnar um forsendur endurskipulagningar og ákvörðunar um niðurlagningu og uppsögn. Málsmeðferð stofnunarinnar hafi í reynd verið umfram þær kröfur sem starfsmannalög geri ráð fyrir með því að stofnunin hafi látið fara fram hæfnismat við undirbúning ákvörðunar og í kjölfarið tekið afstöðu til þess með ákvörðun um niðurlagningu starfsins. Til grundvallar ákvörðun um niðurlagningu og uppsögn hafi legið gögn og fullnægjandi skýringar og undanfarandi greining, svo sem stefnanda sé ljóst. Ákvörðunin hafi verið reist á málefnalegum forsendum og í samræmi við lög. Með því að niðurlagning og uppsögn á starfi stefnanda hafi verið í samræmi við lög og meðferð málsins einnig beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Ekki hafi verið

brotið gegn ákvæðum stjórnáráðslulaga eða reglum stjórnáráðsluréttar. Engri saknæmri háttsemi hafi verið til að dreifa af hálfu B. Staða upplýsingafulltrúa hafi ekki lengur verið nauðsynleg og mikilvægara að verja fjármunum í stafræna þróun með það að markmiði að auka hagkvæmni og sjálfvirkni. Þetta hafi verið lögmæt og málefnaleg markmið vegna hagsmuna stofnunarinnar sem forstjóri hafi átt mat um auk þeirrar skyldu að ráðstafa fjármunum á árangursríkan hátt í samræmi við fjárheimildir. Málsmeðferð hafi verið í samræmi við lög. Stefndi mótmælir bótakröfu stefnanda en verði ekki fallist á sýknukröfu er byggt á því til vara að lækka beri kröfur stefnanda til muna enda sé dómkrafa hans í engu samræmi við dómaframkvæmd þegar fallist hefur verið á bótaskyldu fyrir óréttmætan eða ólögmætan starfsmissi. Lækka beri bótakröfu til samræmis við dómaframkvæmd. Þá mótmæli stefndi miskabótakröfu stefnanda, enda séu í engu uppfyllt skilyrði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Til vara er miskabótakröfu mótmælt sem allt of hárrí. Dráttarvaxtakröfu stefnanda er einnig mótmælt.

Niðurstaða

41. Stefndi í máli þessu er opinber stofnun sem starfar samkvæmt lögum og um starfsemina gilda auk sérlaga um stofnunina bæði stjórnáráðslulög og ólögfestar reglur stjórnáráðsluréttar. Þá gilda um lögskipti aðila ákvæði laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 auk ólögfesta reglna starfsmannaréttar. Í 19. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er kveðið á um starfsmanni sé skylt að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því sem var er hann tók við starfi. Starfsmaður getur við slíkar aðstæður kosið að segja upp starfi sínu, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi. Með bréfi forstjóra B sem stefnanda var afhent á fundi þeirra 19. nóvember 2020 kemur fram að til standi að *gera verulegar breytingar á verkefnaskipulagi og áherslum tengdu starfi því sem þú gegnir sem upplýsingafulltrúi, samhliða því að ekki verður ráðið í 1,5 stöðugildi tengd fræðslu og upplýsingamiðlun hjá stofnuninni*. Efnislega verður bréf þetta ekki skilið öðruvísi en svo að með því sé boðað að gera eigi breytingar á störfum starfsmanns á þann hátt sem um er fjallað í nefndri 19. gr. starfsmannalaga. Þá er í bréfinu stefnanda gefinn kostur á að gangast undir sérstakt hæfnismat sem stofnunin hafði fengið sjálfstætt starfandi ráðgjafarfyrtæki sem starfar á almennum markaði til að annast. Fram er komið að sama fyrirtæki hafði þegar komið að undirbúningi nefndra breytinga fyrir B. Ekki verður fallist á að með þessum undirbúningi hafi stefndi getað talist hafa lagt fullnægjandi grundvöll að ákvörðun sinni, sem hann tók tveimur mánuðum síðar, um að leggja niður starf stefnanda.
42. Við það verður að miða að forstöðumenn stofnana ríkisins hafi að lögum verulegt svigrúm til að endurskipuleggja og hagræða í starfsemi stofnana þeirra sem þeim er falin forstaða fyrir. Þá er það skylda þeirra samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 að

tryggja að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar, sem þeir stýra, sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir þeir sem varið er til reksturs stofnunar séu nýttir á árangursríkan hátt. Stefndi í máli þessu hefur fært fram ítarlegan rökstuðning fyrir forsendum endurskipulagningar þeirrar sem stofnunin réðst í á árinu 2020 og leiddi að lokum til ákvörðunar um niðurlagningu starfs þess sem stefnandi gegndi og uppsagnar hans. Af því sem fyrir liggur í málinu verður ekki fullyrt að ekki hafi legið til grundvallar ákvörðun um niðurlagningu og uppsögn gögn og fullnægjandi skýringar og undanfarandi greining með tilliti til fjárhagslegra forsendna sem stofnuninni var gert að starfa eftir. Þó þannig verði fallist á að stefndi hafi að lögum haft bæði rétt og skyldu til að standa að endurskipulagningu og hagræðingu í starfsemi stofnunarinnar og að ákvörðun um útfærslu slíkrar hagræðingar hafi að meginstefnu ráðist af mati stefnda eru vali hans á leiðum til að ná markmiðum sínum settar skorður af grunnreglum stjórnsýsluréttar. Þar á meðal er réttmætisreglan, en samkvæmt henni verða stjórnvöld ávallt að reisa matskenndar ákvarðanir á málefnalegum sjónarmiðum. Þannig verður ef starfsmönnum er fækkað í hagræðingarskyni að leggja mat á það hvernig þeir nýtast í starfsemi viðkomandi stofnunar og hæfni þess starfsmanns sem ráðgert er að segja upp í samanburði við aðra starfsmenn, meðal annars með tilliti til þekkingar og starfsreynslu á viðkomandi sviði. Þá ber forstöðumanni að gæta að meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar með því að fara ekki strangar í sakirnar en nauðsyn ber til við töku íþyngjandi ákvörðunar.

43. Það leiðir af eðlisrökum að afar ördugt er færa sönnur á eða staðfesta hvaða ætlun eða ásetningur býr í huga forstöðumanns stofnunar sem ákveður að leggja niður starf eða segja upp starfsmanni stofnunar. Af þessu leiðir að sérhver vísbending um ómálefnalega ætlun eða tilgang verði talin hafa ríkt sönnunargildi eða leiða til þess að vafi um raunverulega ætlun forstöðumanns kunni að verða metin stofnuninni í óhag. Í þessu máli liggur fyrir að með bréfi til stefnanda 9. júní 2020 bað sviðsstjóri stefnanda, sem þá var í veikindaleyfi, um að hann skilaði inn tækjum, fartölvu og farsíma, þar sem óvíst væri um endurkomu hans til starfa. Þá staðfesti forstjóri B fyrir dómi að hún hefði sagt stefnanda á fundi þeirra 19. nóvember 2020, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaðar breytingar á starfi hans, að með þessu væri ekki sagt að hún hefði misst allan áhuga á að starfa með honum. Mannauðsstjóri stofnunarinnar staðfesti aðspurð fyrir dómi að ekkert hefði verið skolað innan stofnunarinnar að gera stefnanda kleift að sækja endurmenntun eða endurþjálfun svo að hann gæti fullnægt þeim breyttu kröfum sem fyrirhugað var að gera til þess starfsmanns sem myndi gegna því starfi sem í raun tók við af starfi stefnanda.
44. Stefndi í máli þessu byggir á því að ástæður niðurlagningar starfs stefnanda hafi verið aukin áhersla ríkisstjórnar á stafræna þróun og almenn aðhaldskrafa í rekstri stofnunarinnar. Fyrir liggur að í febrúar 2021 auglýsti stefndi laust til umsóknar nýtt starf sérfræðings í stafrænni þróun, fræðslu og miðlun. Af verkefnalýsingu starfsins í er ljóst að um er að ræða verkefni sem stefnandi sinnti áður. Af því sem fram kemur í málalíbúnaði stefnda um þær áherslubreytingar sem gerðar höfðu verið með breyttri

starfslýsingu og um margt eru fremur óljósar verður helst ráðið að ætlun stefnda hafi verið að gera breytingar sem vörðuðu fyrirkomulag námskeiðahalda með aukinni áherslu á námskeiðahald um fjarfundabúnað og að leggja aukna áherslu á fjölbreyttari notkun samfélagsmiðla við kynningarstarf stofnunarinnar. Það er afstaða dómsins að stefndi hafi ekki sýnt fram á að neinar þær áherslubreytingar hafi orðið með hinni breyttu starfslýsingu að ekki hafi mátt gera ráð fyrir að stefnandi gæti fullnægt þeim breyttu hæfniskröfum sem af þeim leiddi. Með vísan til þessa og þess sem að framan er rakið verður því fallist á það með stefnanda að forstöðumaður B hafi með ákvörðun sinni 15. janúar 2021 um að leggja niður starf upplýsingafulltrúa, sem stefnandi gegndi, frá 1. febrúar 2021, brotið gegn rétti hans með saknæmum og ólögumætum hætti og bakað stefnda bótaskyldu. Fallast verður á það með stefnanda að þessi framgangastefnda var til þess fallin að vera meiðandi fyrir stefnanda og skaða faglegt orðspor hans auk þess sem hún var til þess fallin að valda verulegri röskun á stöðu og högum stefnanda. Á hann því rétt á miskabótum úr hendi stefnda.

45. Fyrir liggur í málinu að stefnandi naut greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði í júní, júlí og ágúst 2021 eftir að hann fór af launaskrá hjá stefnda. Stefnanda tókst ekki að finna starf við hæfi í heimabæ sínum og varð að flytja búferlum til Reykjavíkur í því skyni. Stefnandi hóf störf á nýjum vinnustað í Reykjavík 1. september 2021. Fjártjónstímabil bótakröfu stefnanda miðast því við 1. maí 2021 til 31. ágúst 2021. Fjárhagslegt atvinnutjón stefnanda nemur alls 2.039.162 krónum. Ekki er ágreiningur um þann útreikning. Þá krefst stefnandi bóta vegna kostnaðar af því að hafa þurft að flytjast búferlum frá Akureyri til Reykjavíkur til að geta fengið nýtt starf við hæfi. Hefur stefnandi lagt fram sundurliðað yfirlit um að sá kostnaður hafi numið alls 1.747.350 krónum. Ekki er ágreiningur um þann útreikning. Stefndi hefur hins vegar andmælt því að krafan komist að í málinu með vísan til þess að breytt kröfugerð stefnanda sé ný og of seint fram komin að því er varðar nefndan kröfuflið þar sem þeirrar kröfu sé ekki getið í stefnu. Á þetta verður ekki fallist þar sem taka verður undir með stefnanda að um forsendur nefndrar kröfugerðar er ítarlega fjallað í stefnu. Auk þess krefst stefnandi miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna. Alls nemur því höfuðstóll dómkröfu stefnanda 6.786.512 krónum. Stefnandi krefst dráttarvaxta af kröfufjárhæð frá því að dómsmálið var höfðað, 23. mars 2021, sbr. ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Með vísan til alls framanritaðs verður fallist á kröfugerð stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði en upphafstími dráttarvaxta miðaður við dómsuppsögu þar sem endanleg kröfugerð stefnanda lá ekki fyrir fyrr en við lok málsmeðferðarinnar og stefnda gert að greiða honum málskostnað sem miðast við yfirlit sem stefnandi hefur lagt fram um málskostnað sinn. Af hálfu stefnanda flutti málið Jón Sigurðsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Soffía Jónsdóttir lögmaður. Ástráður Haraldsson héraðsdómari dæmdi málið.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 6.786.512 krónur með dráttarvöxtum skv. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. júní 2022 til greiðsludags og 2.500.000 krónur í málskostnað.

Ástráður Haraldsson